

Nd.

233. Frumvarp til laga

[112. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Sperðlahlíð í Suðurfjarðahreppi.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Einar Th. Guðmundssyni héraðslækni á Bíldudal í Suðurfjarðahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu eyðijörðina Sperðlahlíð í Geirþjófsfirði í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sperðlahlíð liggur í austanverðum Geirþjófsfirði í Suðurfjarðahreppi, skammt frá Langabotni, síðasta dvalarstað Auðar og Gísla Súrssonar. Jörðin er örreytiskot, sem hefur verið í eyði frá 1940. Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps mælir með því, að héraðslæknum verði selt kotið. Hún lýsir því m. a. á þessa leið:

Engar líkur til, að jörðin byggist nokkurn tíma.

Grunnvirðing landbúnaðarlands kr. 1700.00.

Búsetutengd hlunnindi engin.

Útihús engin

Íbúðarhús ekkert.

Vegalengd til næsta verzlunarstaðar 40 km.

Samgöngur: veglaust.

Ræktað land ekkert.

Ræktunarmöguleikar litlir sem engir.

Rafmagn ekkert.

Sími enginn.

Héraðslæknirinn hugsar sér að koma sér upp sumarbústað á landinu, rækta þar skóg o. fl.